

Ed.

336. Framvarp

til laga um breytingar á lögum nr. 11, 20. okt. 1905, um landsdóm.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

11. gr. 1. málsg. síðasta setning orðist svo:

Dómruðning fer þannig fram, að báðir málsaðiljar, sóknari og ákærður eða verjandi hans, koma fyrir forseta á tilteknum stað og stundu, og ryður ákærður 1 af hinum lögskipuðu dómendum og 7 af hinum kjörnu, og sóknari ryður 1 af hinum lögskipuðu og 6 af hinum kjörnu.

2. gr.

Aftan við 14. gr. fyrri málsg. bætist:
er jafnan sje einn hinna lögskipuðu dómenda.

3. gr.

Í 16. gr. 2. málsgrein verði »⁴/₆« að:
²/₃.